

Fundargerð 3. Fundar

Verkefnastjórnar hjúkrunarheimilisins að Sólvangi.

Árið 2015, fimmtudaginn 24. september, kl. 8 kom verkefnastjórn hjúkrunarheimilisins saman að Sólvangi, Hafnarfirði.

Fundinn sátu: Helga Ingólfssdóttir, formaður, Guðlaug Kristjánsdóttir, Elísabet Valgeirsdóttir, Gylfi Ingvarsson, Þórdís Bakkmann Kristinsdóttir og Sigurður P. Sigmundsson.

Forföll: Birna Ólafsdóttir

Að auki sat fundinn: Sigurður Haraldsson, sviðsstjóri umhverfis- og skipulagsþjónustu sem ritaði fundargerð.

1. Haraldur Líndal Haraldsson, bæjarstjóri mætti á fundinn og fór almennt yfir stöðu hjúkrunarheimilismála á Íslandi. Ræddi hann um leiðréttingu á samningnum samkvæmt leiguleiðinni gagnvart ríkinu, hann var ráðgjafi fyrir Seltjarnarnesbæ, þegar sá samningur var leiðréttur. Fundað hefur verið með fulltrúa ríkisins Leifi Benediktssyni, vegna mögulegra breytinga/leiðréttingu á samningi, það þarf að skoða núverandi samning m.t.t. hækkunar vísitölu frá samningsgerð og áætlaðrar verðbólgu næstu tvö ár. Þá var rætt um fjölgun hjúkrunarrýma úr 60 í 80 og möguleika að fara frá leiguleið yfir í 85% leiðina, það er að ríkið leggi fram 85% af kostnaði við byggingu eignarinnar og sveitarfélagið 15% kostnaðar. Ljóst er að hefja þarf viðræður við ríkið og fá leiðréttan samning eða nýjan samning fyrir 60 eða 80 hjúkrunarrýmum.
2. Útboð á hönnun hjúkrunarheimilisins. Rætt var um þá kosti sem koma til greina og var niðurstaðan að fara hefðbunda leið með útboði á arkitektapætti og síðar verkfræðipætti.
3. Rætt var um að skoða hjúkrunarheimili í Reykjanesbæ og hitta m.a. verkefnastjórnina sem sá um þá framkvæmd og var tekið vel í það, Rannveigu falið að finna tíma í það verkefni
4. Ákveðið var að fundartímar verkefnisstjórnar verði kl. 16:00 annanhvern fimmtudag, næsti fundur verði 8. október að Strandgötu 6.

Fundi slitið kl. 9:00.